

## FUNDARGERÐ

**53. fundur stjórnar FUM, Félags um menntarannsóknir, haldinn mánudaginn, 17. september 2007, kl. 14:30, í húsnæði K.H.Í., Bolholti 6, Reykjavík.**

Fundinn sátu: Amalía Björnsdóttir, formaður, Eyrún Rúnarsdóttir, Meyvant Þórólfsson, Ragnar Ólafsson, Sigurjón Mýrdal, Sigurlína Davíðsdóttir og Gerður G. Óskarsdóttir sem ritaði fundargerð.

Tekið fyrir:

1. Fundargerð síðasta fundar. Fundargerðin samþykkt.
2. Fyrirhuguð ráðstefna vorið 2008. Formaður greindi frá því að hún hefði látið taka frá húsnæði fyrir ráðstefnu laugardaginn, 23. febrúar 2008 í Hamri, Kennaraháskóla Íslands. Áætlað er að ráðstefnan standi frá kl. 9:00 til um kl. 15:00 þennan dag og endi með móttöku fyrir ráðstefnugesti og fyrirlesara. Rætt um efni og hugsanlegan aðalfyrirlesara á ráðstefnunni.
3. Starfið í haust. Formaður lagði til að félagið beitti sér fyrir stuttum námskeiðum fyrir rannsakendur eins og gert var sl. ár. Samþykkt að stefna að stuttum námskeiðum einn laugardag í byrjun nóvember, t.d. 3. nóv. Efni þeirra væri t.d. um leit á neti og notkun forritanna EndNote, Nvivo, Exel, Word og SPSS. Leitað verði eftir aðstöðu í tölvustofum Kennaraháskólans og hugsanlega boðið upp á tvö námskeið fyrir hádegi og tvö eftir hádegi. Formaður mun athuga möguleika á kennurum til að sjá um slík námskeið.
4. Orðasafn um uppeldis- og menntamál – framhald umræðu síðasta fundar. Formaður lagði fram drög að bréfi til hugsanlegra samstarfsaðila um íðorðanefnd sem Gerður tók saman. Rætt um fjármögnun þessa verkefnis og mikilvægi þess að fá styrktaraðila. Formaður tók að sér að skoða það mál og Gerður tók að sér að ræða nánar við Íslenska málstöð um hugsanlegan starfsmann.
5. Tímarit FUM – staða mála. Ragnar ritstjóri tímaritsins greindi frá því að nú væru 10 greinar í ritryningu og stefnt væri að því að ritið kæmi út í desember nk. Borist hefur bréf frá gagnasafninu EBSCO um að tímaritið hafi verið skráð þar.
6. Næsti fundur stjórnar ákveðinn 16. október nk, kl. 8:30.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 15:40.  
G.G.Ó.